



## Stjórnarfundur HSH

Haldinn í Grundarfirði,

3. september 2024 kl. 19.30

Fundinn sátu: Laufey Bjarnadóttir, Berglind Long, Garðar Svansson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson, Gunnhildur Gunnarsdóttir. Kristfríður Rós Stefánsdóttir fjarverandi.

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Dagbók framkvæmdastjóra

a. *Framkvæmdastjóri var í sumarfrí meiri part júlí. Þó fór töluverður tími í undirbúning fyrir Unglingalandsmót, bæði markaðssetningu og ýmis störf í aðdraganda Unglingalandsmótsins, svo sem koma fánnum og öðru á milli bæja, koma verkefnastjóra inn í sitt hlutverk, samskipti við UMFÍ vegna skráninga og þess háttar. Þá stóð framkvæmdastjóri vaktina á Unglingalandsmótinu á föstudeginum og mætti á setningu og í boð eftir setninguna. Í ágúst hefur verið unnið að skipulagi vetrarins, unnið að skipulagningu skyndihjálparnámskeiðs sem fer fram í Snæfellsbæ, Stykkishólmi og Grundarfirði í vikunni. Þá hefur HSH fengið styrk fyrir hreyfivikunni og er hugmyndin að fá Elísu Viðarsdóttur til þess að koma í grunnskólana á nesinu og FSN og fræða krakkana um holla næringu, nesti og þess háttar. Á síðasta ári fór styrkur HSH fyrir hreyfivikunni í eldri borgarana svo hugmyndin er að færa okkur yfir í unglíngana í ár. Framkvæmdastjóri er í samstarfi við Guðmundu, framkvæmdastjóra ÍA um að koma á formannafund í október og vera með þarfagreiningu með formönnum aðildarfélaganna. Unnið var að þarfagreiningu vegna svæðisstöðvanna á Vesturlandi fyrir fundinn í dag með þeim Heiðari og Álfheiði. Mikil vinna er búin að fara í handbókina fyrir fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Fyrir helgi sendi framkvæmdastjóri handbókina á stjórn og óskaði eftir því að þau myndu lesa yfir hana og koma með ábendingar. Það þurfti að búa til allar stefnur HSH sem eru í handbókinni en þær eru unnar svipað og aðrar stefnur fyrirmyndarhéraða. Framkvæmdastjóri býst við því að hægt sé að senda handbókina til Viðars í lok vikunnar.*

b. *Framundan:*

- i. *Skipuleggja hreyfiviku, formannafundur, samskiptaráðgjafi, gjaldkerafundur, sambandsráðsfundur UMFÍ, sportablar.*



# HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

*Stofnað 1922*

2. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2026
  - a. *Framkvæmdastjóri mun setja sig í samband við sveitarfélögin til að athuga hvort þau séu tilbúin til þess að halda landsmót UMFÍ 50+ árið 2026. Ef eitthvað sveitarfélag er tilbúið í verkefnið þá þarf að heyra í aðildarfélögunum til þess að athuga hvort þau séu tilbúin til þess að manna landsmótið.*
3. Unglingalandsmót UMFÍ 2024 í Borgarnesi
  - a. *HSH greiddi fullt þátttökugjald keppenda á landsmótinu í ár en rúmlega 60 þátttakendur tóku þátt. Að auki gaf HSH keppendum merktar derhúfur sem þau voru með á mótssetningunni. Það var lögð mikil vinna í að auglýsa mótið. Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir var ráðin sem verkefnastjórn HSH á landsmótinu og stóð sig vel. Ég tel að sú vinna sem fór fram fyrir landsmótið hafi skilað sér í þátttöku keppenda HSH. Það verður áskorun fyrir okkur að fjölmenna á Egilsstaði á næsta ári. HSH þarf að útbúa skemmtilegar auglýsingar, fá viðtöl við krakka sem fóru á landsmótið í ár og auglýsa vel.*
4. Styrkir
  - a. *Framkvæmdastjóri HSH greiddi knattspyrnudeild Snæfells 70.000 fyrir þjálfaramenntun f. tvo þjálfara. Greitt af framkvæmdastjóra 26.08.24. Afgreiðsla styrkja samþykkt. Knattspyrnudeild Snæfells sótti einnig um styrk aftur í tímann, fyrir árið 2021, styrkumsókn hafnað. Hægt er að sækja styrki til HSH á starfsárinu.*
  - b. *Umhverfissjóður HSH: Tvær umsóknir komu í umhverfissjóð HSH v. landsmóts UMFÍ 50+ frá því síðasta sumar, Golfklúbbur Vestarr og Ungmennafélagið Snæfell. Samþykkt var að upphæðinni yrði skipt til helminga. Formenn Vestarr og Snæfells munu fá lokaskýrsluform til þess að skila til að greitt verði úr sjóðnum.*
5. Önnur mál
  - a. *Framkvæmdastjóri mun senda hvatningu til aðildarfélaganna að sækja um í Íþróttasjóð Rannís. Umsóknarfrestur er til 1. október.*
  - b. *Sambandsráðsfundur UMFÍ – Stjórn leggur til að framkvæmdastjóri mæti á fundinn ásamt Laufey Bjarnadóttur fyrir hönd stjórnar HSH.*
  - c. *Næsti stjórnarfundur verður tekinn í Grundarfirði í október. Stjórnin mun leggja áherslu á að fara í gegnum skjöl o.fl.*
  - d. *Stjórn leggur til að í október verði haldinn sameiginlegur formannafundur hjá aðildarfélögum HSH. Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍA mun koma og aðstoða HSH og aðildarfélögin við að þarfagreina hvað HSH getur gert fyrir félögin ásamt fleiru.*
  - e. *Formannafundur ÍSÍ 22. nóvember. Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir munu sitja fundinn fyrir hönd HSH.*
  - f. *Sportabler: Stjórn leggur til að framkvæmdastjóri hafi samband við aðildarfélögin og athugi hvaða aðildarfélög hafi áhuga á að nota sportabler, í gegnum HSH til þess að ná niður kostnaði. Í kjölfarið fer framkvæmdastjóri í að fá tilboð í sportabler fyrir félögin.*
  - g. *Ákveðið að taka aftur upp hugmyndina um gull- og silfurmerki HSH og móta hana.*



## HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

*Stofnað 1922*

- h. Gamlar skýrslur: Virðist vera eitt og annað sem er dottið út úr ársskýrslum HSH. Halda þarf utan um framkvæmdastjóral, íþróttamanneskjur HSH ásamt heiðursfélögum.*

Fundi slitið kl. 20:50

---

Gunnhildur Gunnarsdóttir